

Mætt voru: Krístrún Guðjónsdóttir skólastjóri, Þórgunnur Stefánsdóttir aðstoðarskólastjóri, Eva Rós Vilhjálmisdóttir og Tinna Arnardóttir fulltrúar kennara, Helga Pálsdóttir fulltrúi starfsfólks, Elín Heiður Gunnarsdóttir og Jóhannes H. Steingrímsson fulltrúar foreldra og Auður Árnadóttir og Vigfús Þór Helgason fulltrúar nemenda.

Fundur var settur af Krístrúnu. Fulltrúar boðnir velkomnir. Gengið til dagskrár.

Dagskrá:

- Niðurstöður samræmdra könnunarprófa í 4. og 7. bekk
- Skólapúlsinn, mælingar september – nóvember 2019
- Öryggismál
- Önnur mál

Niðurstöður samræmdra könnunarprófa í 4. og 7. bekk

Krístrún fór yfir niðurstöður samræmdra prófa í 4. og 7. bekk. Nemendur í 7. bekk koma vel út úr samræmdum prófum, bæði í íslensku og stærðfræði miðað við landið. Niðurstöður í sömu fögum í 4. bekk eru síðri og verður unnið með þær.

Skólapúlsinn, mælingar september – nóvember 2019

Skólapúlsinn er lagður fyrir 6.-10. bekk. Búið er að leggja hann fyrir þrisvar sinnum og hafa skólanum borist niðurstöðurnar. Þær hafa verið kynntar á kennarafundi.

Sem dæmi sýna niðurstöður að ánægja af lestri er talsvert undir meðaltali. Þegar skoðaðar eru niðurstöður varðandi þrautseigju í námi þá mælist hún yfir landsmeðaltali, nemendum líður almennt vel í skólanum. Rætt var um að það vantaði púðahorn, grjónapúða. Talað um að e.t.v. væri hægt að láta nemendur búa til púða í textílmennt sem þeir gætu nýtt í skólanum. Þá ræddu fundarmenn um bókavagna á göngum til að auka aðgengi að bókum fyrir nemendur.

Einelti er á pari við landið. Rætt var um að nemendur sjái oft og heyri af slæmum samskiptum á samfélagsmiðlum.

Agi er almennt meiri í Foldaskóla en almennt gerist.

Áhugi á stærðfræði og náttúrufræði mælist undir landsmeðaltali. Náttúrufræði er á uppleið.

Tíðni leiðsagnarmats er undir meðaltali sem hugsanlega skýrist af því að skólinn er á öðru ári í innleiðingu þess á meðan margir skóla hafa lokið tveimur árum.

Öryggismál

Á fundi skóla- og frístundaráðs, þriðjudaginn 8. október, var samþykkt að stofna starfshóp sem fjallaði um öryggismál í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi. Fulltrúar stjórnenda verða kallaðir að borðinu í þeirri vinnu en tillögur hópsins eiga að liggja fyrir fyrri hluta árs 2020.

Farið var yfir helstu áhersluatriði öryggismála:

- Starfsfólk skóla auðkennt með merkispjaldi
- Gestapassar fyrir þá sem þurfa að dvelja í skólanum yfir daginn
- Starfsfólk sem sinnir gæslu á skólalóð er ávallt í auðkennt með því að vera í gulum vestum
- Starfsfólk skólans skipti sér af ókunnugum í húsinu
- Stuðla að betri merkingum í skóla
- Stýra betur aðgengi í skólanum, hvaða og hvenær hvaða inngangar eru opnir
- Öryggismyndavélar

Önnur mál

Sagt var frá að næsti fundur í skólaráði væri 24. janúar og þá yrði stjórn nemendafélagsins boðuð. Eins yrði farið yfir ástand skólahúsnæðisins (sbr. hlutverk skólaráðs í lögum: Fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda).

Rætt var um að efla samskipti skóla og þeirra sem eru að skipuleggja útskriftarferð 10. bekkinga. Þá var minnst á að foreldrar upplifi að gæsla í frímínútum sé orðin betri en á síðasta skólaári.

Fundi slitið kl. 9:30
Þórgunnur Stefánsdóttir